



STARFSÁRIÐ 2014 – 2015

SKÝRSLA STJÓRNAR

Lögð fram á aðalfundi 19. mars 2015

Fyrirtæki

Lækkað iðgjald

Fyrirtæki með starfsmenn innan VR og LÍV geta sótt um lækkun á greiddu iðgjaldi til sjóðsins úr 0,3% í 0,1%

www.starfsmennt.is





STARFSÁRIÐ 2014 - 2015 SKÝRSLA STJÓRNAR

Nýir félagsmenn

Á starfsárinu hafa eftirtalin fyrirtæki gerst aðilar að SVP:

Allra ráðgjöf ehf.
Ari Edwald
Attentus – mannaúður og ráðgjöf
Festi hf.
Ísland verslun hf.
Landakotsskóli ses.
Perfect Clothing
Reginn hf.

Rekstrarfélag Tíu ellefu ehf.
Reykjavík International School ses.
Sena réttindasvið ehf.
Sigurður V. Jónsson slf.
Útfararstofa kirkjugarðanna ehf.
Útgarður ehf.
Verslunin Kvosin ehf.

Stjórn og trúnaðarmenn

Stjórn SVP

Margrét Sanders, formaður, Deloitte ehf.
Hörður Gunnarsson, varaformaður, Ólíudreifing ehf.
Ari Edwald, 365 miðlar ehf.
Árni Stefánsson, Húsasmiðjan ehf.
Eysteinn Helgason, Kaupás ehf.
Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.
Margrét G. Flóvenz, KPMG ehf.

Starfsmenn

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri
Guðbjörg S. Jónsdóttir, skrifstofustjóri
Lárus M.K. Ólafsson, lögfræðingur
Lísbet Einarsdóttir, forstöðumaður flutninga- og fræðslumála

Fagráð um hafnamál

Aðalfulltrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafultrúi:

- Garðar Jóhannsson, Nesskip ehf.

Fagráð um umferðamál

Aðalfulltrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafultrúi:

- Gísli Arnarsson, Samskip hf.

Ísland Allt árið – framkvæmdastjórn

Aðalfulltrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafultrúi:

- Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.

Kjararáð SVP

- Bára Mjöll Ágústsdóttir, Samskip hf.
- Guðríður Baldursdóttir, Norvik hf.
- Sigurbjörn Gunnarsson, Lyfja ehf.

Lyfjagreiðslunefnd

- Andrés Magnússon, SVP

Menntanefnd SA

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Samstarfshópur um tollamál á sviði landbúnaðar

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Siglingaráð

Aðalfulltrúi:

- Birna Ragnarsdóttir, Eimskipafélag Íslands hf.

Varafultrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Siglingaverndarráð

Aðalfulltrúi:

- Einar I. Einarsson, Samskip hf.

Varafultrúi:

- Agnar P. Agnarsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar (tilnefnt til fjögurra ára)

Aðalfulltrúi:

- Auður Þórhallsdóttir, Samskip hf.

Varafultrúi:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina (tilnefnt til fjögurra ára)

Aðalfulltrúar:

- Guðríður Hjördís Baldursdóttir, Norvik hf
- Hallur Guðjónsson, Lyfja ehf
- Sigríður Harðardóttir, N1 hf

Varafultrúar:

- Falur Jóhann Harðarson, Samkaup ehf
- Inga Guðrún Birgisdóttir, 1912 ehf
- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfulltrúar:

- Lísbet Einarsdóttir, SVP
- Arndís Arnarsdóttir, Hagkaup
- Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur ohf.

Varafultrúar:

- Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Starfshópur um breiðbandsvæðingu samkvæmt fjarskiptaáætlun 2011–2022

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP (samkvæmt tilnefningu SA)

Starfshópur um matarsóun

- Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Stjórn EuroCommerce (tilnefning árlega)

- Andrés Magnússon, SVP

Stjórn GS1 (tilnefning árlega)

- Bergur Bergsson, Aðföng

Stjórn Rannsóknarseturs verslunarinnar

- Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.

Stjórn Verzlunarskóla Íslands

- Margrét G. Flóvenz, KPMG ehf.

Stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, SA (tilnefning árlega)

Stjórn SA:

- Margrét Sanders, Deloitte ehf.
- Ari Edwald, 365 miðlar ehf.
- Eysteinn Helgason, Kaupás ehf.
- Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.

Framkvæmdastjórn SA

- Margrét Sanders, Deloitte ehf.
- Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.

Stýrnefnd raf- og raftækjaúrgangs

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur (SA tilnefnir til fjögurra ára)

- Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Umhverfismerkisráð Íslands (ótímabundin tilnefning)

- Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Úrvinnslusjóður

- Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Verkefnisstjórn um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda

Aðalfulltrúi:

- Blængur Blængsson, Samskip hf.

Varafultrúi:

- Eyþór H. Ólafsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Verkefnastjórn – Litla Ísland

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Verkefnastjórn – Njarðarskjöldur og Freyjusómi

- Lísbet Einarsdóttir, SVP

Skýrsla stjórnar

Stjórn samtakanna var þannig skipuð á starfsárinu: Margrét Sanders, formaður, Hörður Gunnarsson, varaformaður, Ari Edwald, Árni Stefánsson, Eysteinn Helgason, Guðrún Jóhannesdóttir og Margrét G. Flóvenz.

Stjórn SVP hélt alls 12 fundi á árinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim fjölmörgu hagsmunamálum sem fjallað var um á vettvangi stjórnar og í félagsstarfinu almennt.

1

Almenn hagsmunagæsla

Samskipti við opinberar stofnanir, ríki og sveitarfélög eru sem fyrr veigamesti þátturinn í þeirri hagsmunagæslu sem starfsemi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu snýst um. Viðfangsefni tengd kjaramálum og samskiptum vinnuveitenda og launþega á almennum vinnumarkaði vega þar einnig þungt.

Kjaramál

Óhætt er að fullyrða að blikur séu á lofti í kjaramálum og mikil óvissa um hverjar verða lyktir þeirra kjaraviðræðna sem framundan eru nú á vormánuðum 2015. Heildarkjarasamningar milli Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ) undirritaðir voru í desember 2013 giltu til febrúarloka 2015. Samningarnir hljóðuðu upp á 2,8% hækkun launa á samningstímanum. Mikil samstaða var meðal atvinnurekenda við gerð þessara samninga og voru þeir samþykktir nær einróma af aðildarfyrirtækjum SA. En launþegar samþykktu samningana með naumum meirihluta aðildarfélaganna ASÍ. Í nokkrum tilfellum felldu aðildarfélög ASÍ samningana og náðust nýir samningar við flest þeirra í febrúar 2014.

Í aðdraganda þessara kjarasaminga lagði SVP áherslu á að farin yrði blönduð leið kauphækkana og aðgerða til að ná fram auknum kaupmætti með lækkunum á tollum og vörugjöldum, ekki síst á matvæli.

Í tengslum við gerð kjarasamninganna í desember 2013 var gerð tímamótabókun milli SA og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) um aukið viðskiptafrelsi og kaupmátt. Sú bókun kvað á um að báðir aðilar skuldbundu sig til að eiga aðild að sameiginlegri vinnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við endurskoðun virðisaukaskatts, vörugjalda og tolla. Einnig kvað bókunin á um að aðilar beittu sér fyrir því að marktæk skref yrðu tekin til draga úr tollvernd kjúklinga- og svínakjöts og eggja og með því móti mætti verulega auka kaupmátt almennings í landinu. Enn hafa ekki verið stigin nein skref í átt til slökunar á tollvernd í landbúnaði, en nýlegt svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirsögn á Alþingi, gefur þó vissar vonir um að skilningur sé að aukast á þeim möguleikum sem slíkt skapar til þess að bæta kaupmátt almennings.

Áform um jöfnun lífeyrisréttinda milli opinbera og almenna kerfisins

Stjórn SVP fékk greinargóða skýrslu um stöðu þessara mála hjá aðstoðarframkvæmdastjóra SA varðandi jöfnun lífeyrisréttinda milli lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og almenna lífeyrissjóða að A-deild lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna hefði fyrir 15 árum verið breytt úr jafnri ávinnslu í aldurstengda ávinnslu. Eins og staðan er nú þarf 20% framlag í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna til þess að sá sjóður teljist sjálfbær. Nú er framlagið 15,5%. Lagaskylda er að hækka iðgjöld til opinberra lífeyrissjóða, nái endar ekki saman hjá þeim. SA hafa ítrekað lagt áherslu á að lausn á vanda A-deildarinnar væri forsendan fyrir því að unnt væri að jafna muninn milli opinbera og almenna lífeyrissjóðakerfisins.

Kjararáð SVP

SVP sem hefur verið starfandi um nokkurra ára skeið, hefur reynt mikilvægur vettvangur til þess að fjalla um og greina sérstök hagsmunamál aðildarfyrirtækja SVP á kjaramálasviðinu. Í kjararáði SVP er til staða mikil sérþekking á kjaramálum sem hefur reynt fulltrúum SVP í framkvæmdastjórn SA ómetanlegur bakhjarl við að koma áherslumálum verslunar- og þjónustufyrirtækja á framfæri innan framkvæmdastjórnarinnar.

Kröfur launþegasamtakanna vegna komandi kjaraviðræðna eru með þeim hætti að það yrði ávísun á mikla verðbólgu og minnkandi kaupmátt ef gengið yrði að þeim óbreyttum. Staðan sem uppi er í kjaramálum hefur verið til umfjöllunar á vettvangi kjararáðs SVP sem og á almennum félagsfundum SVP um kjaramál. Mikil einhugur er meðal

félagsmanna um nauðsyn þess að halda áfram á þeirri braut sem var mörkuð með síðustu kjarasamningum. Það væri mikil synd ef ekki tækist að vinna áfram á grundvelli þess stöðugleika og miklu kaupmáttaraukningar sem síðustu kjarasamningar leiddu af sér fyrir almenning í landinu.

Skattamál

Stór hluti af starfi SVP haustið 2014 fólst í því að tryggja að skattkerfisbreytingar þær sem kynntar voru af stjórnvöldum við framlagningu fjárlagafrumvarpsins fyrir 2015, næðu fram að ganga. Breytingatillögur þessar fólust sem kunnugt er í afnámi almennra vörugjalda og breytingum til hækkunar á neðra þrepi og lækkunar á efra þrepi virðisaukaskatts. Lengi vel var tvísýnt um hvort breytingar þessar næðu fram að ganga og umræður á Alþingi voru oft þess eðlis að útilokað var að átta sig á hver staðan væri. Forsvarsmenn SVP áttu ófáa fundi með forystumönnum í stjórn málum í því skyni að tryggja að umræddar breytingar næðu fram að ganga.

Það tókst og með samþykkt laga um afnám laga um almenn vörugjöld, sem tóku gildi í byrjun árs 2015, náðist sigur í einu helsta baráttumáli SVP undanfarin ár. Þessum tímamótum var meðal annars fagnað með grein í Morgunblaðinu eftir formann og framkvæmdastjóra samtakanna. Einnig náðist fram mikilvæg breyting á lögum um virðisaukaskatt þar sem neðra þrep skattsins var hækkað úr 7% í 11% og efra þrep lækkað úr 25,5% í 24%. Þessi breyting, ásamt nokkrum breytingum til einföldunar og samræmingar, er mjög jákvætt skref í átt til þess að minnka bilið milli þrepa í virðisaukaskatti. Hið mikla bil hefur sætt gagnrýni, bæði einstakra samtaka í atvinnulífnum og stofnana á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ekki er hægt að segja að einhugur hafi ríkt um þessar breytingar meðal aðila vinnumarkaðarins, en það var fyrst og fremst hækkun á neðra þrepi virðisaukaskattsins sem launþegahreyfingin lagðist gegn. Ekki hefur orðið sú hreyfing í átt til lækkunar á tollvernd búvara sem vonast var eftir og erfitt að leynd þá að nokkuð hefur skort á vilja hjá LÍV að fylgja eftir þeirri bókun sem gerð var samhliða kjarasamningunum sem undirritaðir voru í desember 2013.

Í byrjun árs varð sem vænta mátti umræða í fjölmiðlum um það hvort verslunin myndi skila afnámi vörugjalda og lækkun á efra þrepi virðisaukaskattsins til neytenda. Svar SVP í opinberri umræðu var á þá leið að ekkert væri að óttast, fordæmi frá fyrri skattkerfisbreytingum sýndu að það hefði ávallt gerst. SVP lagði til að í samvinnu SA, ASÍ og VR/LÍV yrði efnt til auglýsingaherferðar í fjölmiðlum þar sem lögð væri áhersla á mikilvægi þess að neytendur nytu góðs af skattkerfisbreytingunum. Sú hugmynd fékk góðar undirtektir í fyrstu en þegar til kastanna kom, snérist forystumönnum umræddra launþegasamtaka hugur, þannig að ekkert varð úr verkefninu.

Áherslumál SVP í skattamálum 2015

Forgangsmál samtakanna í skattamálum árið 2015 verður að ná fram breytingum í því skyni að jafna samkeppnisstöðu innlendrar fataverslunar, hvort heldur með því að fót og skór verði færð úr efra þrepi í neðra þrep í virðisaukaskatti og/eða með því að ná fram afnámi tolla á þessum vörum.

Samskipti við opinberar stofnanir, ríki og sveitarfélög

Úthýsing hins opinbera á þjónustuverkefnum

Í tengslum við aðalfund SVP 2014 gáfu samtökin út skýrslu um útvistun hins opinbera á þjónustuverkefnum. Í kjölfar fundarins var skýrslan kynnt sérstaklega fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og einnig voru haldnir fundir um málið með einstökum ráðuneytum og stofnunum. Ýmislegt í skýrslunni er komið í farveg hjá hinu opinbera og samkvæmt stjórnvöldum verða fjölmörg hagræðingarverkefni innan stjórnsýslunnar kynnt á komandi mánuðum. Verkefni þessi lúta hins vegar flest að innri hagræðingu stjórnsýslunnar með sameiningu stofnana o.þ.h. Áfram þarf að hama járníð gagnvart útvistun verkefna frá hinu opinbera til einkaaðila, en slík áform mæta víða umtalsverðri andstöðu innan stjórnkerfisins.

Fundir með sveitarstjórnnum um skipulagsmál

Í samvinnu SVP, Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) voru í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna vorið 2014 haldnir fundir um skipulagsmál með frambjóðendum til sveitarstjórna í stærstu sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Hvatinn að þessum fundum var meðal annars sú gagnrýni sem kom fram í McKinsey skýrslunni um offramboð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Fundir þessir voru ekki síður settir á í þeim tilgangi að fjalla um skipulagsmál sveitarfélaganna og hvernig ákvörðunartöku í skipulagsmálum væri háttáð hjá sveitarfélögum. Sú gagnrýni hefur oft komið fram af hálfu verslunarinnar, að sveitarfélögin láti ekki fara fram

mat á þörfinni fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði þegar ný hverfi eru skipulögð. Var meðal annars varpað ljósi á þau mál á þessum fundum sem voru vel heppnaðir. Leiða þeir vonandi til þess að bættur skilningur verður á hagsmunum verslunar- og þjónustufyrirtækja hjá skipulagsyfirdum í framtíðinni.

Forval Isavia vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Nokkur umræða var um forval Isavia á nýjum rekstraraðilum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en gagnrýni kom fram hjá ýmsum aðilum í verslun um hvernig staðið hefði verið að forvalinu. Bæði þótti nokkuð vanta upp á að nægjanlega faglega væri staðið að valinu og einnig að Fríhöfnin hefði í hyggju að útvíkka starfsemi sína í flugstöðinni. Ekki sér fyrir endann á þeim málum en nokkrir þeirra sem töldu sig hlunnfarna í forvalinu hyggja á málsókn gegn Isavia vegna framkvæmdar á forvalinu. Að mati SVP er nauðsynlegt fyrir stjórnendur Isavia að tryggja mun betra verklag næst þegar efnt verður til forvals vegna verslunarreksturs í flugstöðinni.

Fríverslunarviðræður Evrópusambandsins og Bandaríkjanna

Sendinefnd frá atvinnulífssamtökum innan EFTA ríkjanna átti fundi í Washington í júní 2014 með viðræðunefnd Bandaríkjastjórnar vegna Transatlantic Trade and Investment Partnership (TTIP) viðræðna, sem eru viðræður um gerð fríverslunarsamnings milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Framkvæmdastjóri SVP var í þessari sendinefnd, en tilgangur ferðarinnar var að koma á framfæri hagsmunum EFTA ríkjanna í tengslum við viðræðurnar. Leiði viðræðurnar til jákvæðrar niðurstöðu mun samningurinn hafa mikil áhrif á hagsmuni EFTA ríkjanna, en hann mun ná bæði til vöruviðskipta og margskonar þjónustuviðskipta. Fram kom að stefnt er að því að drög að samningi verði tilbúin á vordögum 2015 og að þá verði hafist handa við innleiðingu hans í bandaríska löggjöf.

Mikill jákvæðni var í viðræðunum gagnvart hagsmunum EFTA ríkjanna og verður tryggt eins og unnt er að bæði stjórnvöldum og atvinnulífi í ríkjunum verði haldið upplýstum um gang viðræðnanna.

Fríverslunarsamningur við Kína

Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína tók gildi 1. júlí 2014 og voru SVP þess mjög fylgjandi að sá samningur yrði að veruleika, enda skapar hann gríðarleg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á þeim risamarkaði sem Kína er. Tækifærin liggja þar jafnt hjá útflutningsfyrirtækjum sem fyrirtækjum sem einkum stunda innflutning á vöru og þjónustu. Þegar nokkur reynsla var komin á framkvæmd samningsins komu í ljós nokkrir annmarkar á framkvæmd hans. Samkvæmt samningnum er gerð krafa um beinan innflutning frá Kína til að unnt sé að nýta sér þau tollfríðindi sem samningurinn kveður á um. Það hentar ekki litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eiga oft ekki annan kost en að kaupa vörur framleiddar í Kína af evrópskum birgjum sem útilokar öll tollfríðindi við innflutning til Íslands.

Í því skyni að ná fram breytingu á framkvæmd samningsins, þannig að hann nýtist öllum fyrirtækjum, óháð stærð þeirra, sendu SVP bæði fjármálaráðherra og utanríkisráðherra erindi þar sem þeir eru hvattir til að hafa frumkvæði að breytingum á tollalögum til þess að tollfríðindi þau sem fríverslunarsamningurinn heimilar komi öllum fyrirtækjum til góða. Erindi samtakanna hafa þegar hlotið jákvæð viðbrögð hjá stjórnvöldum.

Breytingar á greiðslukortamarkaði

Miklar breytingar eru í farvatninu á Evrópulöggjöf um greiðslukortaviðskipti og lúta þær fyrst og fremst að s.k. milligjaldi (e. interchange fee) í viðskiptum með bæði debet- og kreditkort. Þessar breytingar eru aflagstur áralangrar baráttu Evrópusamtaka verslunarinnar, EuroCommerce, fyrir breytingu á þessu gjaldi og fyrir aukinni hagræðingu í kerfi rafrænna viðskipta innan Evrópusambandsins, en kostnaður atvinnulífs og neytenda af þessu kerfi er gífurlegur. Hin nýja Evrópulöggjöf á þessu sviði hefur EES gildi og mun því verða innleidd í íslenskan rétt. Sérfræðingur á sviði kortamála upplýsti stjórn samtakanna um eðli þessara nýju reglna og hvaða breytingar þær myndu hafa fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki í landinu. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að hinar nýju reglur yrðu innleiddar í íslenskan rétt óbreyttar.

Stjórnsýslukæra vegna ákvarðana Lyfjastofnunar varðandi lyfjaauglýsingar

Í nóvember 2014 kærðu SVP ákvarðanir Lyfjastofnunar þar sem tilteknum aðildarfyrirtækjum var meinað að birta auglýsingar vegna lausasölulyfja. Að mati SVP var um að ræða auglýsingar sem voru að fullu í samræmi við ákvæði lyfjalaga og reglugerðar um lyfjauglýsingar. Til viðbótar töldu samtökin að undirbúningur að töku þessara ákvarðana hafi ekki verið í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Í kjölfar kæru SVP dró Lyfjastofnun umræddar ákvarðanir sínar til baka. Að mati Lyfjastofnunar hafi stofnunin við töku þessara ákvarðana ekki gætt að lögbundnum andmælarétti fyrirtækjanna eins og réttilega var bent á í kærinni.

Ábending til Samkeppniseftirlitsins vegna ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara

SVP hafa ávallt barist fyrir umbótum varðandi innflutning á landbúnaðarvörum og auknu frelsi á þessu sviði. Í þessari baráttu hafa samtökin m.a. leitað til umboðsmanns Alþingis, almennra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA sem og vakið athygli opinberra aðila á þeim meingöllum sem uppi eru og þarfnast endurskoðunar. Í október 2014 sendu SVP erindi á Samkeppniseftirlitið þar sem kvartað var undan starfsháttum ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara og framkvæmd við úthlutun á tollkvótum fyrir landbúnaðarvörur. Var skorað á Samkeppniseftirlitið að taka mál þetta skoðunar og vekja athygli viðkomandi ráðherra á þeim ágöllum og hömlum sem núverandi fyrirkomulag búvörulaga felur sannarlega í sér.

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna stjórnýslu póstmála

SVP hafa á undanförmum árum beint erindum til innanríkisráðherra þar sem vakin hefur verið athygli á meintum meinbugum á starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar sem og ágöllum á lagaumhverfi póstpjónustu og mikilvægt er að tekið verði til nánari skoðunar. Þar sem ráðuneytið hefur dregið á langinn að taka ábendingar SVP til skoðunar þá sendu samtökin erindi á umboðsmann Alþingis þar sem upplýst er um þá meinbugi sem til staðar eru varðandi stjórnýslu póstmála. Var þess óskað að umboðsmaður tæki álitamál þessi til frekari skoðunar. Málið er enn til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis.

Innflutningsbann á fersku kjöti – kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

SVP sendu í desember 2011 kvörtun á ESA vegna innleiðingar íslenskra stjórnvalda á reglugerð ESB um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. Töldu samtökin að íslensk stjórnvöld hafi ekki innleitt matvælalöggjöf EES-samningsins með fullnægjandi hætti enda er enn viðhaldið innflutningsbanni á fersku kjöti. Eftir rannsókn sína á málinu hefur ESA nú komist að sömu niðurstöðu og SVP að innflutningsbannið á fersku kjöti frá öðrum EES-ríkjum er andstætt EES-samningnum. Taldi ESA að íslensk stjórnvöld hafi ekki sýnt fram á að núverandi fyrirkomulag megi réttlæta með þeim rökum að það sé nauðsynlegt til að vernda líf og heilsu manna og dýra. Verði ekki gripið til viðeigandi ráðstafana til þess að bregðast við álitinu innan ákveðins frests getur ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Tillaga um sameiningu stofnana lyfjamála

SVP hafa lengi talið að unnt væri að einfalda það opinbera stofnanaumhverfi sem fjallar um lyfjamál. Með því móti megi bæði ná fram hagræðingu í opinberum rekstri, sem aðkallandi er að ná fram á mörgum sviðum í starfsemi hins opinbera, og ekki síður einfalda öll samskipti lyfjaverslunarinnar við hið opinbera. SVP beindu í ársbyrjun 2015 þeim tilmælum til heilbrigðisráðherra, nú þegar breytingar verða á starfsemi og yfirstjórn bæði Lyfjastofnunar og Lyfjagreiðslunefndar, að tækifærið verði notað til þess að sameina þessar tvær stofnanir í eina. Með því móti telja samtökin að ná megi fram breytingum í anda framangreindra sjónarmiða og einnig skapa æskilegt fordæmi fyrir sambærilegar breytingar í opinberum rekstri þar sem þess er kostur.

Umsagnir um lagafrumvörp/þingsályktunartillögur/reglugerðir

Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl.

Í umsögn sinni fögnuðu SVP markmiði frumvarpsins um afnám einkaleyfis ÁTVR á smásölu áfengis og að smásala áfengis verði gefin frjálts. Töldu SVP einnig jákvætt það frumkvæði íslenska ríkisins að draga þannig úr umfangi og um leið fermetrum sem fara undir verslun sem mun fela í sér aukið hagræði fyrir neytendur og aukna þjóðhagslega hagkvæmni. Þá fela þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpinu í sér aukna möguleika til hagræðingar hjá bæði verslun sem og hinu opinbera. Þrátt fyrir að styðja markmið frumvarpsins gerðu SVP einstaka athugasemdir varðandi starfsskipti innlendrar áfengisverslunar og ber þar fyrst að nefna núverandi auglýsingabann. Þá töldu samtökin að frumvarpið feli í sér mismunun hvaða varðar kröfur sem gerðar eru varðandi sölu á sterku áfengi í samanburði við léttvín og bjór.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar

Í sameiginlegri umsögn SVP, SA og SI, fögnuðu samtökin framkomnu frumvarpi þar sem lagt var til að eftirlit með rafföngum yrði framvegis á forræði eins aðila, þ.e. Mannvirkjastofnunar. Fyrirkomulag þessa eftirlits hafði áður verið með þeim hætti að Mannvirkjastofnun og Neytendastofa önnuðust eftirlitið sitt í hvoru lagi eftir andlagi þess hverju sinni. Töldu samtökin það verulega til bóta að stjórnýsla eftirlitsins yrði sameinuð í eina stofnun, þ.e. Mannvirkjastofnun, í stað þess að halda úti tvöföldu eftirliti með tilheyrandi flækjustigi og kostnaði fyrir atvinnulíf. Þá munu breytingarnar stuðla að auknu hagræði sem og tryggja samræmda túlkun eftirlitsaðila með rafföngum og einfalda öll samskipti við eftirlitsaðilann.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og brottfall laga um vörugjald

Í umsögn sinni töldu SVP breytingar á skatthlutfalli virðisaukaskatts, þ.e. lækkun á efra þrepi og hækkun þess neðra, vera skref í rétta átt til að auka skilvirkni skattkerfisins og jafna samkeppnisstöðu í atvinnulífinu. Að mati SVP verður hins vegar markmiðum um skilvirkni, hagkvæmni og gagnsæi skattkerfisins sem og jafnræði ekki að fullu náð fyrr en komið verði á einu skatthlutfalli virðisaukaskatts. SVP fögnuðu einnig því að með frumvarpinu var lagt til að hin almennu vörugjöld yrðu afnumin en samtökin hafa ávallt barist fyrir afnámi þessara óskilvirku og þyngjandi álagna. Hins vegar ítrekuðu samtökin að þrátt fyrir að almenn vörugjöld yrðu afnumin þá standa enn eftir sérstök vörugjöld sem mikilvægt er að taka einnig til endurskoðunar.

Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands

Í umsögn sinni vöktu SVP athygli á ýmsum hindrunum sem eru í vegi aðildarfyrirtækja samtakanna hvað varðar samkeppnishæft markaðsumhverfi og tillögunni er ætlað að taka á. SVP töldu mikilvægt að taka til endurskoðunar einstaka málaflokka, s.s. vörugjöld, tvítollun og tollkvóta á landbúnaðarvörum og lagaumhverfi búvörumála almennt. Að mati SVP er um að ræða málaflokka sem fela í sér verulega flókið og þyngjandi tollaumhverfi gagnvart bæði verslun og þjónustu sem og neytendum.

Tillaga til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu Internetsins og réttindavernd netnotenda

Í umsögn sinni gerðu SVP ekki sérstakar athugasemdir varðandi markmið tillögunnar sem er að móta stefnu um að skapa á Íslandi vistkerfi eins og best verður á kosið fyrir hagnýtingu Internetsins ásamt því að verja réttindi netnotenda og gera nauðsynlegar lagabreytingar til að innleiða stefnuna. Hins vegar gagnrýndu SVP að hvorki í tillögunni sjálfri né heldur skýringum við hana var tekið tillit til höfunda- og hugverkaréttinda né heldur hagsmunum eða sjónarmiðum þjónustuveitenda á sviði fjarskipta. Í nefndarlíti vegna málsins var tekið sérstakt tillit til ábendinga SVP.

Tillaga til þingsályktunar um umferðarljósamerkingar á matvæli

SVP, SA og SI sendu sameiginlega umsögn um tillöguna þar sem lagst var gegn henni. Bentu samtökin á að svokallaðar umferðarljósamerkingar á matvælum hafa verið mjög umdeildar og hafa nágrannaríki Íslands m.a. leitað annarra leiða til að ná til neytenda, s.s. notkun á norræna skrárgatinu. Þá bentu samtökin á að framkvæmdastjórn ESB hefur lagst gegn notkun umferðarljósamerkinga á matvælum á þeim forsendum að slík merking geti falið í sér viðskiptahindrun. Loks bentu samtökin á því að stjórnvöld hafa lagt vinnu í að innleiða reglugerð ESB um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda í íslenska löggjöf en með þeirri löggjöf, til viðbótar við skrárgatið og upplýstri umræðu hlutaðeigandi, er unnt að veita neytendum fullnægjandi upplýsingar um næringarinnihald matvæla.

Drög að frumvarpi til laga um þjóðskrá

Í umsögn sinni gagnrýndu SVP frumvarpsdrögin og þá sérstaklega gjaldtökuheimild þjóðskrár Íslands. Af drögunum mátti ráða að stofnuninni verða færðar gjaldtökuheimildir sem ætlað er að standa undir tiltekinni þjónustu í skilningi þjónustugjalda. Eftir sem áður mátti ráða að umræddum gjöldum er ætlað að standa undir almennum rekstri þjóðskrár Íslands og að fjármögnun stofnunarinnar verði grundvöllur á innheimtu gjalda af notendum þjónustu stofnunarinnar. SVP gagnrýndu harðlega þessa gjaldtöku enda er þjónustugjöldum eingöngu ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við þá þjónustu sem látin er í té af hinu opinbera og að stjórnvaldi er með öllu óheimilt að afla almennra rekstrartekna með innheimtu slíkra gjalda.

Drög að reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli

Í umsögn sinni lögðust SVP ekki gegn markmiði reglugerðarinnar en gerðu þó einstaka athugasemdir varðandi ákvæði hennar. Athugasemdir SVP voru einna helst að ráða mátti að við innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda viðkomandi sé gengið lengra varðandi kröfur sem gerðar eru til innlendra aðila og merkinga en viðgengst í nágrannaríkjum okkar. SVP tóku undir mikilvægi þess að tryggja neytendum upplýsingar um þau matvæli en mikilvægt er að opinberar kröfur um slíkar upplýsingar séu settar fram með hófstíllum hætti í stað þess að innleiða kröfur sem fela í sér kostnaðarauka fyrir jafnt innflytjendur, verslun sem og neytendur.

Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum (auglýsingar)

SVP sendi inn umsögn um þetta frumvarp sem felur í sér tillögu um afnám banns við auglýsingum á lausasölu-lyfjum í sjónvarpi. Ísland er nú eina landið af þeim löndum í Evrópu sem við berum okkur helst saman við, sem lögfestir bann við slíkum auglýsingum. Samtökin lýstu í umsögn sinni eindregnum stuðningi við samþykkt þess enda ákvæðið úrelt með öllu. Þess má geta að frumvarpið var samið eftir ábendingu frá SVP og einnig hefur Samkeppnisefirlitið bent á að umrætt bann kunni að takmarka samkeppni í lyfsölu hér á landi.

Starfsemi faghópa innan SVP er mikil enda eiga fyrirtækin innan faghópanna það sameiginlegt að hafa þörf fyrir öfluga hagsmunagæslu af hálfu samtakanna. Stærsti hluti þessarar vinnu lýtur að samskiptum við opinbera aðila.

Faghópar

Faggildingarhópur SVP

Stærstur hluti þeirra fyrirtækja sem starfa á sviði faggildingar hér á landi hafa gengið til liðs við SVP og innan samtakanna starfar sérstakur hagsmunahópur þessara fyrirtækja. Hagsmunahópurinn gætir sameiginlegra hagsmuna fyrirtækjanna, bæði gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Markmið hópsins er að vekja athygli á mikilvægi faggildingar í samfélaginu og efla vitund almennings gagnvart þessari starfsemi. Þá hefur hópurinn það markmið að hvetja til útvistunar verkefna frá hinu opinbera til faggiltra fyrirtækja og stuðla þannig að hagræðingu hjá hinu opinbera.

Kynningarfundir

Á liðnum árum hefir verið lögð áhersla á að kynna starfsemi hagsmunahópsins og mikilvægi faggildingar almennt fyrir þeim opinberu aðilum sem málið kann að varða. Sú vinna hélt áfram á árinu og fundir voru haldnir með ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Einkaleyfastofunni sem og faggildingarsviði stofunnar.

Skipaefirlit Samgöngustofu

SVP beindu erindi til innanríkisráðuneytis þar sem vakin var athygli ráðuneytisins á ákvæðum reglugerðar um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, nr. 94/2004, þar sem kveðið er á um heimild Samgöngustofu til að fela öðrum að framkvæma skoðun fyrir sína hönd ásamt því að gefa starfsleyfi til handa þessum aðilum. Umrædd reglugerð felur í sér að komið er á tvískiptu eftirliti, þ.e. annars vegar eftirlit hins opinbera með skipum og hins vegar þeir flokkar skipa sem öðrum en Samgöngustofu er heimilt að hafa eftirlit með. Hagsmunahópurinn telur mikilvægt að umrætt fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar með það að markmiði að faggiltum skoðunarstofum verði heimilað að skoða skip sem þeim er óheimilt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Var um leið ítrekað að faggiltar skoðunarstofur starfa samkvæmt bæði stífum kröfum innlendra eftirlitsaðila sem og í samræmi við alþjóðlegar kröfur á þessu sviði.

Umsagnir

Í sameiginlegri umsögn SVP, SA og SI um frumvarp til laga um byggingarvörur var vakin athygli á starfsskilyrðum faggiltra skoðunarstofa sem og þeirri óvissu sem uppi er varðandi hæfi innlendra stjórnvalda til að hafa eftirlit með og annast stjórnslu varðandi svokallaða tilkynnta aðila. Í kjölfar nefndarálits umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarpið, þar sem fullyrt var að ekki væri starfandi hér á landi til þess bær aðili til að annast vottanir, sáu SVP sig knúin til að leiðrétta þann misskilning með erindi sem sent var á nefndina í nafni samtakanna.

Lyfsöluhópur

Þar sem umhverfi lyfjamála hér á landi er með þeim hætti að stór hluti af starfseminni er háður opinberum afskiptum, verður hagsmunagæsla í málefnum greinarinnar meiri en ella. SVP gætir hagsmuna fyrir stóran hluta lyfjageirans.

Samskipti við Lyfjagreiðslunefnd

Ár hvert fara fram viðræður við Lyfjagreiðslunefnd um nýtt hámarksverð lyfja í smásölu eins og lögboðið er. Megináherslan í þeim viðræðum hefur verið lögð á að ná fram skilningi nefndarinnar á að taka verði tillit til sífelldra breytinga í rekstrarumhverfi lyfsala, við ákvörðun nefndarinnar. Þar er ekki síst átt við kjarasamningsbundnar launahækkanir. Ekki er hægt að segja að sjónarmið þetta hafi mætt nægjanlegum skilningi hjá Lyfjagreiðslunefnd, þó svo að nokkur árangur hafi náðst í því efni.

Breytingar á reglugerðum

Þó að segja megi að aðkallandi sé orðið að taka lyfjalögin, sem eru heildarlöggjöf um lyfjamál, til endurskoðunar, er ávallt í gangi nokkur vinna við breytingar á regluumhverfi greinarinnar. Sú vinna sem hæst hefur borið á því sviði á árinu er gerð nýrrar reglugerðar um lyfjaávisanir. SVP á fulltrúa í nefnd sem vinnur að gerð þeirrar reglugerðar.

Upplýsingagjöf til embættis Landlæknis

Fjallað var um hvernig skýrslugjöf lyfsala til embættis Landlæknis yrði best háttað, en embættinu ber að fylgjast með lyfjaávisunum lækna, ekki síst í tengslum við notkun ávana- og fíknilyfja. Ágreiningur er með aðilum um hver eigi að bera kostnað af útfærslu (forritun) á búnaði sem nauðsynlegur er til þess að eftirlit þetta geti farið fram með sem einföldustum og árangurríkustum hætti. Niðurstaða er ekki fengin í því máli.

S – merkt lyf

Undir þennan flokk lyfja falla þau lyf sem eingöngu eru ætluð til notkunar á sjúkrahúsum. Um nokkra hríð hafa verið í undirbúningi breytingar á sölufyrirkomulagi þessara lyfja, á þann veg að lyfjabúðum verði, a.m.k. að hluta til falin sala þeirra til sjúklinga. Þessi vinna er á lokastigi og munu lyfsalar taka yfir sölu á S – merktum lyfjum á vormánuðum 2015, jafnframt því sem gert verður sérstakt samkomulag við Lyfjagreiðslunefnd um framkvæmdina.

Vátryggingamiðlarar

SVP hefur undanfarin sex ár gætt hagsmuna fyrir vátryggingamiðlara, en innan raða samtakanna eru nær öll fyrirtæki sem stunda miðlun vátrygginga á Íslandi.

Staða vátryggingamiðlunar á íslenskum markaði

Sú breyting varð á stöðu vátryggingamiðlunar að breska vátryggingarfélagið Friends Provident, sem miðlarar hafa einkum miðlað tryggingum fyrir, ákvað að hætta allri nýsölu á Íslandi frá og með 1. ágúst 2014. Sú ákvörðun hefur mikil áhrif á rekstrarumhverfi vátryggingamiðlunar hér á landi. Ákvörðun þessi kom nokkuð á óvart ekki síst í ljósi þeirrar sterku stöðu sem Friends Provident hefur á markaði fyrir líf- og sjúkdómatryggingar. SVP í samstarfi við vátryggingamiðlara og aðra vinna nú hörðum höndum að því að leita uppi önnur erlend vátryggingafélög sem kynnu að hafa áhuga á að hasla sér völl á íslenskum markaði. Er áformað að halda kynningarfund í London með breskum tryggingafélögum í vor og kynna þar tækifæri á íslenskum tryggingamarkaði.

Tilkynning Seðlabanka Íslands um nýjar reglur um gjaldeyrismál

Tilkynning Seðlabanka Íslands um nýjar reglur um gjaldeyrismál var birt í júní 2014. Samkvæmt tilkynningu bankans hafði bankinn þá haft til skoðunar um nokkra hríð, hvort samningar erlendra tryggingafélaga sem boðnir hafa verið til sölu hér á landi séu í samræmi við lög og reglur um gjaldeyrismál. Athugun bankans hafði leitt í ljós að ýmsar tegundir slíkra vátryggingasamninga kynnu að fela í sér óheimilaðan sparnað eða söfnun erlendis. Tilkynning þessi kom vátryggingamiðlurum í opna skjöldu. Allt til þess tíma höfðu þessi viðskipti farið fram athugasemdalaust af hálfu Seðlabankans, en á árinu 2011 höfðu samtökin átt í samskipum við bankann sem leiddu ekki til annarrar niðurstöðu en þeirrar að sá skilningur var staðfestur að sala vátryggingasamninga sem fela í sér sparnað eða söfnun erlendis falli innan reglna laga um gjaldeyrismál frá 28. nóvember 2008. Tilkynning bankans kom miklu róti á markað vátryggingamiðlara þar sem hún gat sett í uppnám tugþúsundir vátryggingasamninga sem gerðir höfðu verið eftir innleiðingu gjaldeyrishafta.

Eftir langar samningaviðræður Friends Provident og Seðlabankans náðust samningar milli aðila undir lok árs 2014. Niðurstaðan var mjög hagstæð fyrir vátryggingamiðlara, þar sem engin breyting verður á stöðu samninga, þ.m.t. um sparnað og söfnun erlendis, sem gerðir höfðu verði fyrir gildistöku hinna nýju reglna um gjaldeyrismál.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja

Fyrirtæki á heilbrigðisviði stofnuðu fyrir sex árum með sér samtök sem bera heitið Samtök heilbrigðisfyrirtækja (SH). Samtökin eru starfandi innan SVP og SA og sinnir skrifstofa SVP almennri hagsmunagæslu fyrir þessi fyrirtæki. Markmið samtakanna er jafnframt að fjalla á opinberum vettvangi um þá möguleika sem felast í því að fela einkaaðilum aukna hlutdeild í rekstri heilbrigðiskerfisins.

Endurskipulagning heilsugæslunnar

Málefni heilsugæslunnar og nauðsynleg endurskipulagning hennar hefur verið ofarlega á dagskrá samtakanna. Í samvinnu SH, SVP og SA var gerð skýrsla sem ber heitið „Breytt fyrirkomulag í rekstri heilsugæslu á Íslandi“ sem kynnt var fyrir heilbrigðisráðherra í byrjun árs 2015 og er þar lagt til að breyting á skipulagi heilsugæslunnar hér á landi taki mið af þeim skipulagsbreytingum sem gerðar hafa verið á undanförmum árum í Noregi og Svíþjóð og skilað hafa góðum árangri. Samtökin binda miklar vonir við að á árinu 2015 verði tekin marktæk skref í átt til þess að einkaaðilum verði falin stærri hluti af rekstri heilsugæslunnar í landinu.

Staða sérfræðilækna

Staða sjálfstætt starfandi sérfræðilækna innan heilbrigðiskerfisins er viðvarandi verkefni á þessum vettvangi. Frá því að nýir samningar tókust milli stjórnvalda og sérfræðilækna í desember 2013, hefur verið unnið að því í viðræðum við stjórnvöld, að móta framtíðarstefnu í málefnum þeirra. Þeirri vinnu er þó hvergi nærri lokið.

Áform um byggingu hátæknisjúkrahúss

SH hafa alla tíð haft uppi efasemdir um þær fjárhagslegu forsendur sem liggja til grundvallar áformum um byggingu nýs hátæknisjúkrahúss. Þær efasemdir hafa ekki breyst, en í samstarfi við SVP og SA er hafin vinna við gerð skýrslu um fyrirhugaða byggingu þar sem fyrst og fremst verður lagt mat á hinar fjárhagslegu forsendur sem verkefnið byggist á.

Samtök sjálfstæðra skóla

SVP sinnir skrifstofuhaldi og hagsmunagæslu fyrir Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK) sem stofnuð voru árið 2005 en skólar innan SSSK gengu í SVP árið 2008. Innan samtakanna eru 50 sjálfstætt starfandi skólar á leik- og grunnskólastigi. Að venju voru mörg mál til umfjöllunar á vettvangi SSSK á starfsárinu og er stiklað á stóru í starfsemi samtakanna hér á eftir.

Samráðsnefnd leik- og grunnskóla

Samtök sjálfstæðra skóla eiga einn aðalfulltrúa og einn til vara í samráðsnefnd leik- og grunnskóla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fjöldmörg mál eru til kynningar og umræðu í nefndinni á hverju starfsári og er aðeins tæpt á því helsta hér: Efling leikskólastigsins og framtíðarsýn, andmælaréttur og velferð nemenda vegna brottvísunar úr skóla, réttur grunnskólanemenda til framhaldsskólaáfangar sbr. 26. gr. grunnskólalaga og fjármögnun, flutningur verkefna frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til nýrrar Menntastofnunar, Hvítbókin, kennaramenntun, leyfisbréf þvert á skólastig, námsmat við lok grunnskóla og breyting á grunnskólalögum.

Kjaramál

Gerður var kjarasamningur milli Eflingar og Reykjavíkurborgar í marsmánuði 2014. Rekstraraðilar innan SSSK voru með tilvísunarsamning í eldri kjarasamning Eflingar og Reykjavíkurborgar og fylgdu þeir þessum kjarasamningi þrátt fyrir að SSSK hafi ekki skrifað undir yfirlýsingu þar um. Ástæða þess var að á þessum tímapunkti var vinna hafin við undirbúning að gerð heildarkjarasamnings sem síðan gekk ekki eftir.

Í maí var síðan undirritaður kjarasamningur milli Félags grunnskólakennara (FG) og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hafa sjálfstæðir skólar fylgt kjarasamningum FG en ekki gert tilvísunarsamning. Í þeim samningi brunnu helst á sjálfstæðum skólum breytingar á vinnuramma kennara. Sérstök verkefnisstjórn um vinnumat fékk það hlutverk að móta tillögur. Var kosið um tillögurnar í febrúar sl. og þær samþykktar eftir veigamiklar breytingar rétt fyrir atkvæðagreiðslu.

Félag leikskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu samning 16. júní 2014 og í kjölfarið var gengið frá tilvísunarsamningi af hálfu SA fyrir hönd SSSK.

Í febrúar 2015 fengu samtökin ábendingu um hækkunar á launum félagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg vegna endurskoðunar á starfsmatskerfi. Var breytingin afturvirk til 1. febrúar 2014 og hafði verulega íþyngjandi áhrif á rekstur sjálfstæðra skóla. Er verið að vinna í því að þessi viðbótarkostnaður verði bættur af hálfu Reykjavíkurborgar.

Samskipti við opinbera aðila

Stór hluti af starfi samtakanna fer í samskipti við ríki og sveitarfélög. Var engin breyting þar á þetta árið þar sem fundað var með mennta- og menningarmálaráðherra um málefni sjálfstæðra skóla auk bréfaskrifta til sveitarfélaga og annarra ráðuneyta vegna ýmissa álitamála.

Skilað var umsögnum um frumvarp til breytinga á grunnskólalögum og um drög að rafrænni handbók um öryggi og velferð barna í grunnskólum.

Þá voru fulltrúar SSSK kallaðir til upplýsingagjafar í starfshóp um leikskóla að loknu fæðingarorlofi og hvítbók menntamálaráðuneytis um menntamál.

Alþjóðlegt samstarf

SSSK eru aðili að The European Council of National Associations of Independent Schools, ECNAIS, www.ecnaeis.org. Haldnar eru tvær ráðstefnur á vegum samtakanna ár hvert, vor og haust. eru þessar ráðstefnur mjög vel sóttar af fulltrúum sjálfstæðra skóla víðsvegar að úr heiminum og er mikill stuðningur af þessu samstarfi.

Félagsstarf SSSK

Öflugt félagsstarf einkennir starf samtakanna þar sem stefnt er að því að upplýsa, fræða og skemmta félagsmönnum bæði á leik- og grunnskólastigi.

Aðalfundur SSSK 2014 var haldinn 29. apríl sl. í Húsi atvinnulífsins. Gylfi Jón Gylfason fræðslustjóri Reykjanesbæjar ávarpaði aðalfundargesti og sagði frá áherslum og framtíðarsýn í menntamállum í Reykjanesbæ. Að lokinni dagskrá var boðið upp á veitingar með ljúfum söng Valgeirs Guðjónssonar tónlistamanns. Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar var endurkjörin formaður og Áslaug Hulda Jónsdóttir framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar endurkjörin varaformaður.

Stefnumótun SSSK. Á haustdögum hélt stjórn SSSK stefnumótunarfund með nokkrum fyrirverandi stjórnarmönnum og fulltrúum frá bæði SVP og SA undir handleiðslu Guðrúnar Ragnarsdóttur hjá Strategiu. Tilgangur fundarins var að móta stefnu samtakanna fyrir veturinn og nánustu framtíð. Var fundurinn mjög gagnlegur þar sem góður tími gafst til að fara yfir þau mál er helst brenna á sjálfstætt reknum skólum. Var mikill hugur í öllum að auðga og efla starf samtakanna og markmiðið að þess sjáist merki á komandi starfsári.

Dagur skólastjórans. Í októberlok héldu skólastjórnendur Dag skólastjórans. Að þessu sinni var haldið á Suðurnesin og var að venju blandað saman leik og starfi og við góðar undirtektir þátttakenda.

Félagsfundur – kjarasamningar. Í ágúst var haldin kynning á kjarasamningum Félags leikskólakennara og Félags grunnskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga. Kristín Þóra Harðardóttir lögfræðingur á vinnumarkaðssviði SA hafði framsögu og svaraði spurningum fundarmanna.

10 ára afmælishátíð SSSK. Samtök sjálfstæðra skóla fögnuðu tíu ára afmæli þann 6. mars sl. en stofndagur samtakanna er 10. mars 2005. Haldin var glæsileg afmælishátíð í Flóanum, Hörpu þar sem mættu yfir 500 manns. Í því tilefni var gefið út ritið „**Saga skólanna**“ þar sem sagt er frá stofnun og tilurð SSSK ásamt því að segja sögu hvers og eins skóla.

Námskeiðið „Eldað með Dóru og kvenfélögunum“. Boðið var upp á matreiðslunámskeið í febrúarmánuði fyrir starfsfólk sjálfstætt starfandi skóla þar sem leiðbeint var um hvernig eldað er úr því sem er til í ísskápnunum. Var kveikjan sú mikla vakning sem er í samfélaginu um umhverfismál og hluti af því er mikil matarsóun sem á sér stað í heiminum.

Námskeið um erfið starfsmannamál. Í mars var síðan haldið námskeið um hvernig á bregðast við þegar erfið starfsmannamál koma upp undir handleiðslu Eypórs Eðvarðssonar stjórnendabjálfa og ráðgjafa hjá Þekkingarmiðlun.

Samtök ökuskóla

Samtök ökuskóla, SÖ, eru skipuð fjórum stærstu ökuskólum landsins og eru samtökin á sínu fjórða starfsári. Í þessum ökuskólum fer fram víðtæk fræðsla/kennsla er varðar allt öku- og vinnuvélanám í landinu.


Nokkur mál voru tekin til skoðunar sem lúta að öryggi bílstjóra, endurmenntun og umferðamálum almennt.

Lögfræðisvið

Á skrifstofu SVP er veitt ýmis lögfræðileg ráðgjöf og aðstoð fyrir bæði aðildarfyrirtæki sem og starfsfólk skrifstofu og stjórn SVP sem og faghópa samtakanna. Er um að ræða ráðgjöf er viðkemur starfsemi fyrirtækja sem og samskipti við opinbera aðila, þ.m.t. samskipti við stofnanir, ríki og sveitarfélög sem og rekstur mála fyrir opinberum kæruneftum, ráðuneytum og umboðsmanni Alþingis.

Verkefni lögfræðisviðsins eru mismunandi og ráðast m.a. af áhersluatriðum SVP hverju sinni sem og þeim álitamálum sem samtökunum berast frá aðildarfyrirtækjum. Eftirfarandi er samantekt á þeim verkefnum sem lögfræðisviðið hefur fengist við á tímabilinu 2014–2015 og hvernig þau verkefni skiptast niður á einstaka mála-flokka. Stærstur hluti þeirra verkefna falla undir almenn lögfræðistörf sem er vinna fyrir einstök aðildarfyrirtæki, þ.e. umfram svör við fyrirspurnum o.þ.h.

Til viðbótar við almenn lögfræðistörf eru svo aðgreindar sérstaklega almennar fyrirspurnir sem berast frá aðildarfyrirtækjum og fela ekki í sér að rekið er sérstakt mál vegna þeirra. Önnur mál þessu tengd er vinna tengd umsögnum sem sendar eru á Alþingi eða einstök ráðuneyti. Þar á eftir kemur vinna fyrir einstaka faghópa samtakanna. Þá er í eftirfarandi samantekt að finna einstaka málaflokka sem áhersla hefur verið lögð á undanfarin ár, s.s. málefni er varða búvörulög, tollkvóta og innflutning á landbúnaðarvörum sem og málefni er varða endurútreikning á ólögsmætum gengislánum. Loks er yfirlit yfir hlutfall funda og ráðstefna sem og innri málefni en undir síðastnefnda flokkinn eru verkefni er varða starfsemi skrifstofu SVP almennt.



Flutningasvið

Aðild að flutningasvið SVP eiga þjónustufyrirtæki í landflutningum, kaupskipaútgerð og flugfragt. Málaflókkar eru fjölbreyttir innan sviðsins og snertifletirnir margir. Það sem þeir eiga sameiginlegt og er stærsta hagsmunamál þessara aðildarfyrirtækja er skilvirkni flutningakeðjunnar, að lög og reglugerðir séu ekki þyngjandi fyrir starfsemi atvinnugreinarinnar og að skapa aðilum flutningasviðs hagræði með faglegu samstarfi. Því til viðbótar skipa menntunarmál stóran sess innan sviðsins.

Fagræð flutningasviðs

Fulltrúar þeirra fyrirtækja og/eða samtaka sem aðild eiga að flutningasviðinu mynda fagræð, sem er stýrihópur fyrir sviðið. Fagræð flutningasviðs er skipað fulltrúum þeirra fyrirtækja sem hlutdeild eiga í rekstri sviðsins. Þau fyrirtæki sem áttu aðild á starfsárinu eru Olíudreifing ehf., Samskip hf., Icelandair Cargo ehf., Nes ehf., Nesskip ehf., Íslandspóstur ohf. og Landssamband vörubíofreiðaeigenda. Undir lok starfsársins voru gerðar breytingar á samsetningu þeirra fyrirtækja sem eiga aðild að sviðinu og áherslum þess breytt lítillega. Íslandspóstur ohf. hættir þátttöku á sviðinu og inn koma tvö ný fyrirtæki; Skeljungur hf. og Vörumiðlun ehf. Formaður fagræðs flutningasviðs er Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Olíudreifingar ehf.

Hópar á flutningasviði

Mikið starf er unnið innan flutningasviðsins í hópum sem taka til umfjöllunar ákveðin sérsvið, s.s. eru starfandi hópar fulltrúa með sérþekkingu á landflutnings-, öryggis- og mannauðsmálum og funda þeir hópar eftir því sem við á.

Tollmiðlarar eru sá hópur sem er hvað virkastur á flutningasviði. Fulltrúar þess hóps koma frá aðildarfyrirtækjum SVP sem hafa leyfi til tollmiðlunar, bæði innan og utan flutningasviðs en uppspretta hópsins er á flutningasviði. Á árinu skipulagði hópurinn fund sem tileinkaður var störfum tollmiðlara og var samróma álit að þarna væri kominn viðburður sem haldinn yrði árlega. Því til viðbótar sóttu tollmiðlarar námskeið á vegum Embættis Tollstjóra.

Samstarfshópur um samgöngumál er þverfaglegur og myndaður af SVP, SAF, SI, LÍÚ og SA. Hópurinn hittist eftir þörfum, að minnsta kosti tvisvar á ári á stefnumarkandi fundum og þegar sameinast er um ákveðin mál, vegna umsagna til Alþingis, ráðuneyta og undirstofnana. Samstarfshópurinn sameinaðist um umsagnir um laga- og reglugerðarfrumvörp þar sem það átti við og stóð fyrir sameiginlegum fundum fyrir félagsmenn, s.s. fundi til kynningar á nýju hlutverki Samgöngustofu og kynningu á drögum að aðalskipulagi Reykjavíkur, svo dæmi séu tekin.

Landssamband vörubifreiðaeigenda

Landssamband vörubifreiðaeigenda á aðild að flutningasviði og telur sá félagsskapur um 90 rekstraraðila. Hópurinn er þéttur og hefur verið samheldinn í þeim málum sem snert hafa þeirra málefni. Þar ber einna helst að nefna þá grein umferðalaga sem snýr að endurmenntun atvinnubílstjóra og lög um farmflutninga (rekstrarleyfi). Þá hefur, að ósk þeirra, verið fylgst grannt með niðurstöðum úr dómsmálum um lánskjör vörubifreiðaeigenda hjá fjármálafyrirtækum og unnið mikið á þeim vettvangi, heilt yfir sem og í einstaka málum.

Þá hélt Landssambandið ársþing á árinu en ársþing eru haldin á tveggja ára fresti. Að þessu sinni hófst ársþingið á veglegri ráðstefnu í nýjum sal Húss atvinnulífsins þar sem meðal annars var flutt áhugavert erindi um svefnvenjur bílstjóra og erindi um endurmenntun atvinnubílstjóra. Ársþinginu lauk með kvöldverði á Hótel Sögu og var mökum boðið með. Mikil ánægja var með viðburðinn nú sem endranær.

Nefndir og ráð

Hagsmunagæsla fyrir flutningasvið felur meðal annars í sér að koma á framfæri sjónarmiðum greinarinnar og atvinnulífsins með þátttöku fulltrúa í nefndum, ráðum og hópum innan stjórnskipulagsins sem hafa með samgöngumál að gera. Á starfsárinu átti flutningasvið SVP fulltrúa í Fagráði um umferðamál, Fagráði um hafnamál, Siglingaráði, Siglingaverndarráði og Starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja og flutningsgreina.

Ýmis mál

Á árinu voru þau mál sem hafa komið inn á borð sviðsins mjög svo fjölbreytt, má þar nefna skipulagningu félags- og upplýsingafunda og menntamál. Því til viðbótar er um að ræða vöktun laga- og reglugerðarfrumvarpa. Á starfsárinu var í mörgum tilvikum um að ræða frumvörp sem voru endurflutt á Alþingi sem og drög að reglugerðum þar sem lagðar voru til lítilsháttar efnisbreytingar. Það krafðist engu að síður yfirlegu og góðs samstarfs við aðila flutningasviðs og starfsmenn á mörgum sviðum innan þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að flutningasviði. Þá skiptir máli að samskiptanetið sé sterkt og þeir sem hafi þekkinguna hverju sinni, séu kallaðir að borðinu.

Fundir á flutningasviði

Kaffisjall með forstjóra Samgöngustofu. Samstarfshópur um samgöngumál í Húsi atvinnulífsins bauð upp á kaffisjall með Þórólfi Árnasyni, forstjóra Samgöngustofu. Vel var mætt á fundinn og mátti sjá fulltrúa flug-, siglinga- og landflutninga auk þess sem fundinn sátu fulltrúar frá skoðunar- og prófunarstofum og bílaleigum.

Landsskipulagsstefna. Á starfsárinu komu fulltrúar Skipulagsstofnunar tvívegis á fund í Húsi atvinnulífsins. Í fyrri skiptið var um ákveðinn stefnumótunarfund að ræða þar sem leitað var eftir tillögum og í seinna skiptið var tillaga að landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 kynnt og fyrirspurnum þar að lútandi svarað. Ánægja var með vinnulag Skipulagsstofnunar og þann áhuga sem stofnunin sýndi á skoðunum hagsmunaaðila.

Morgunverðarfundur með Vegagerðinni. Haldinn var fundur með Vegagerðinni í Portinu, Borgartúni. Um árlegan fund er að ræða sem haldinn er að ósk flutningasviðs. Á fundinum var farið yfir framkvæmdir, viðhald, þjónustu og annað sem brennur á flutningsaðilum. Fundurinn var sem fyrr vel sóttur.

Nám í flutningafræði. Haldinn var fundur um nám í flutningafræði og til fundarins boðaðir þeir sem talið er að hafi ákveðna þekkingu og innsýn í málaflokkinn. Tilgangur fundarins var að bera undir fundargesti námsskrárdrög og grunn að námsbrautarlýsingu fyrir nám í flutningafræði sem unnið hefur verið á vettvangi Starfsgreinaráðs samgöngu- farartækja og flutningsgreina.

Námskeið um upprunamál – fríverslunarsamningur við Kína. Á árinu voru haldin námskeið um fríverslunarsamninginn við Kína að beiðni tollmiðlara hóps SVP. Boðið var upp á fjórar dagsetningar, tvær í Reykjanesbæ og tvær í Reykjavík. Tollskólinn hélt námskeiðin og kennari var Jóhann Freyr Aðalsteinsson, tollsérfræðingur. Á námskeiðinu var farið lauslega yfir helstu fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að og hvað þeir fela í sér með tilliti til fríðindameðferðar. Megináhersla var lögð á að kynna nýlegan fríverslunarsamning sem gerður var við Kína og notkun hans í inn- og útflutningi.

Tollmiðlaradagurinn. Haldinn var félagsfundur fyrir tollmiðlara í Húsi atvinnulífsins og var fundurinn tileinkaður störfum þeirra. Fundarefni var ábyrgð tollmiðlara og gestir fundarins Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur, og Sævar Sævarsson, lögfræðingur Embættis Tollstjóra. Mikil ánægja var með fundinn og ljóst er að um árlegan viðburð verður að ræða.

3

Fræðslumál

Fræðslumál skipa stóran sess innan SVP á öllum sviðum. Aðkoma samtakanna hefur verið á ýmsan hátt s.s. með þátttöku fulltrúa í ráðum sem hafa með fræðslu- og menntunarmál að gera og með stuðningi við verkefni á sviði fræðslu- og menntamála.

Heimsóknir

Á starfsárinu var tekin upp sú nýbreytni að heimsækja aðildarfyrirtæki SVP og kynna betur þeim sem sinna mannauðs- og fræðslumálum fyrirtækja og fá innsýn í starfsemi fyrirtækjanna. Í nokkrum tilfellum var heimsóknin í samstarfi við SVS – Starfsmenntasjóð skrifstofu- og verslunargreina. Það er mat manna að vel hafi tekist til og svona heimsóknir séu grundvöllur góðrar samvinnu.

Menntanefnd Samtaka atvinnulífsins

Menntanefnd Samtaka atvinnulífsins er nefnd skipuð fulltrúum frá SA og öllum aðildarsamtökunum. Nefndin hittist að jafnaði mánaðarlega og ræðir menntamál heilt yfir. Verkefni ársins hafa meðal annars verið að vinna í samvinnu við launþegahreyfingarnar að einföldun starfsmenntakerfisins með það að markmiði að gera það gegnsærra og aðgengilegra. Er ætlunin meðal annars að að stuðla að auknu samstarfi milli sjóða til hagræðis fyrir fyrirtæki og einstaklinga, koma á sameiginlegri vefgátt fyrir þá og ráðast í átak til að kynna sjóðina og þann ávinning sem þangað er að sækja. Þá er enn fremur verið að vinna að því að koma á auknu samstarfi á milli vinnuskóla grunnskólabarna og atvinnulífs, svo dæmi séu tekin.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Á vettvangi starfsgreinaráðsins er unnið mikið og gott starf. Á þessu starfsári hefur ráðið fylgt eftir vinnu við gerð námskrár fyrir flutningagreininna og er sú vinna á lokastigi.

Starfsgreinaráð fyrir skrifstofu- og verslunargreinar

Starfsgreinaráðið sinnir fjölbreyttum verkefnum en stærsta verkefnið var áframhaldandi þróun á verkefninu "Störfín og kröfurnar" þar sem skilgreindar voru hæfnikröfur verslunarfulltrúa.

Starfsmenntasjóður verslunar og skrifstofufólks

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Á starfsárinu samþykkti sjóðurinn um 148 styrkumsóknir frá fyrirtækjum og 7 umsóknir um verkefnið "Fræðslustjóra að láni". Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi eru samtals 9 talsins en þau fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði sbr. reglur þar um í fræðslumálum geta sótt um lækkað iðgjald.

Samningur um starfsþjálfun skips- og vélstjórnarnema

Samtök verslunar og þjónustu, SFS Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (Landssamband Íslenskra útvegsmanna og Tækniskólinn ehf. gerðu með sér samning skv. 2. gr. rgl. nr. 840/2011 um starfsþjálfun nemenda Skipstjórnarskóla og Vélstjórnarskóla Tækniskólans sem fer fram á vinnustöðum félagsmanna samtakanna. Um tímamótasamning var að ræða þar sem unnið hafði verið að þessu svo árum skiptir.

Fræðslu- og upplýsingafundir

Aðalfundur SVP 2014

Aðalfundur SVP var haldinn þann 20. mars. Tekin var upp sú nýbreytni að hafa fundinn tvískiptan, hefðbundin aðalfundarstörf að morgni í Kvik, Húsi atvinnulífsins og ráðstefnu seinni hluta dags á Hilton Reykjavík Nordica. Gafst þetta fyrirkomulag vel. Margrét Sanders var sjálfkjörin formaður en í fyrsta sinn í sögu samtakanna var ekki sjálfkjörið í önnur stjórnarsæti. Jón Gnarr borgarstjóri ræddi við fundarmenn að loknum venjubundnum aðalfundarstörfum og kitlaði hláturtaugar aðalfundargesta.

Ráðstefnan sem var öllum opin og fjölmenn var undir yfirskriftinni „*Hvernig gerast kaupin á eyrinni?*“ Að lokinni ræðu fráfarandi formanns Margrétar Kristmannsdóttur ávarpaði Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra gesti. Aðrir framsögumenn voru Michel Koch sérfræðingur í rafrænum viðskiptum frá Bretlandi sem flutti erindi undir yfirskriftinni „*When retail goes multichannel: risks and opportunities*“ og Orri Hauksson, forstjóri Símans sem kynnti nýja skýrslu SVP um úthýsingu verkefna undir yfirskriftinni „*Ríkisrekstur eða einkarekstur*“.

Fundur starfsgreinaráða

Í byrjun sumars 2014 hittust fulltrúar aðildarsamtaka SA í starfsgreinaráðum í Húsi atvinnulífsins og tóku til umræðu hlutverk og tilgang starfsgreinaráða. Fundurinn hófst á stuttu innleggi frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, forstöðumanni mennta- og nýsköpunarsviðs SA og Þorsteini Víglundssyni, framkvæmdastjóri SA. Í kjölfar þess kynntu fulltrúar ráðanna stöðu sinna ráða og þá tók við borðavinna þar sem innra og ytra umhverfi starfsgreinaráðanna var rætt. Niðurstöður fundarins voru að fundur af þessu tagi væri nauðsynlegur og að fulltrúar ráðanna þyrftu meiri stuðning frá sínum samtökum.

Menntun verslunarfólks á Norðurlöndunum

Um mitt starfsár var haldinn fundur um menntun verslunarfólks á Norðurlöndum í Húsi atvinnulífsins. Að fundinum stóðu SVP, Rannsóknarsetur verslunarinnar og Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina. Frummælendur voru fulltrúar frá félögum vinnuveitenda í verslun í Danmörku, Svíþjóð og Noregi og kynntu þeir hvernig staðið er að starfsmenntun fyrir verslunarfolk í þessum löndum. Í framhaldinu af því voru tvær stuttar kynningar á verkefnum sem verið er að vinna hér á landi.

Öryggismál og rýrnun vegna þjófnaðar

Á vordögum voru öryggismál starfsfólks tekin til umfjöllunar í Kvik, Húsi atvinnulífsins. Tílefni fundarins var útgáfa SVP á rafrænni vinnubók um rýrnun vegna m.a. þjófnaðar. Námsefnið er ætlað framlínustarfsfólki í verslun og þjónustu og tekur á öllu því sem viðkemur rýrnun vegna þjófnaðar. Fundurinn var vel sóttur og ljóst að öryggismál brenna á félagsmönnum.

Menntadagur atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins ásamt sjö aðildarsamtökum SA, þ.m.t. SVP – Samtök verslunar og þjónustu, efndu til Menntadags atvinnulífsins fimmtudaginn 19. febrúar sl. á Hilton Reykjavík Nordica. Þetta er í annað sinn sem fulltrúar ólíkra atvinnugreina halda sameiginlegan menntadag og er ljóst að þessi viðburður er kominn til að vera. Gestir voru um þrjú hundruð talsins og mikil ánægja með viðburðinn í heild sinni. Dagurinn hófst á menntastofum tileinkuðum hverjum samtökum fyrir sig. Yfirskrift menntastofu SVP var „*Áherslur í mennta- og fræðslumálum SVP*“ og var tilgangur menntastofunnar sá að kalla eftir áherslum félagsmanna. Að loknum menntastofum sameinuðust gestir á menntatorgi þar sem fræðsluaðilar og -sjóðir kynntu starfsemi sína og síðan á ráðstefnu um menntamál. Í ár var áherslan á starfsnám. Þá voru veittar viðurkenningar til þeirra fyrirtækja sem skara fram úr þegar kemur að menntun og starfsþróun. Að þessu sinni fékk Marel viðurkenningu sem Menntafyrirtæki ársins 2015 og Sildarvinnslan var valinn Menntasproti ársins 2015.

Hádegisfundir um starfsmenntamál

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að samtökin í Húsi atvinnulífsins, undir hatti menntanefndar, stóðu að sameiginlegum hádegisverðarfyrrilestrum. Alls voru fimm fundir á árinu:

Rúmlega 90 manns mættu á fyrsta fundinn í fundarröð Húss atvinnulífsins um starfsmenntamál sem bar yfirskriftina: *Er fyrirtækið að nýta rétt sinn?* Fulltrúar starfsmenntasjóðanna SVS, Starfsafls og Landsmennt kynntu fyrirtækjum starfsemi sína og fulltrúar fyrirtækjanna Eimskipafélag Íslands og Flugfélags Íslands sögðu frá því með hvaða hætti starfsmenntasjóðirnir hafa nýst þeim og þá var kynnt vel hvernig fyrirtækin gætu nálgast sjóðina.

Fræðslustjóri að láni var umræðuefni annars fundar í röð hádegisfunda um starfsmenntamál. Fulltrúar nokkura fyrirtækja sögðu frá því hvernig verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ hefði gengið innan þeirra fyrirtækja. Þá var vel kynnt hvernig fyrirtæki geta nýtt sér verkefnið fræðslustjóri að láni. Í kynningu Sólveigar L. Snæbjörnsdóttur, SVS, kom fram að á þeim árum sem liðið hafa frá því að verkefnið fór af stað hafa 120 fyrirtæki með 10.000 starfsmenn, fengið fræðslustjóra að láni.

Þriðji fundurinn um starfsmenntamál í fyrirtækjum var helgaður **starfsmenntun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum** og var því haldinn í samstarfi við verkefnið Litla Ísland. Auk þeirra erinda sem flutt voru var jafnframt kynnt vel hvaða leiðir eru mögulegar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þegar kemur að fræðslu- og mannauðsmálum, s.s. hvað styrki varðar.

Á fjórða fundinum var yfirskriftin **Starfsnám** og þá litið til þeirra fyrirtækja sem hafa tekið starfsnema. Sérstaklega var leitað svara við því hver ávinningurinn er af því fyrir fyrirtæki að taka nema í starfsnám og fluttu fulltrúar nokkur fyrirtækja erindi um ávinning sinn af því.

Á fimmta fundinum var efni fundarins **nýjar leiðir í fræðslumálum**. Var á þeim fundi skyggst inn í það hvernig fyrirtæki nýta sér tæknina við fræðslu sinna starfsmanna og fara nýjar leiðir við að koma fræðslu á framfæri.

VR-Skóli lífsins

Á haustdögum var haldinn fundur á vegum SVP og VR til kynningar á VR-skóla lífsins. Boðað var til fundarins í framhaldi af fundi hjá VR þar sem fjöldi óska hafði borist frá félagsmönnum SVP sem misst höfðu af kynningunni hjá VR. Góð mæting var á fundinn og merkjanlegt að gestir voru hrifnir af því efni sem var kynnt. VR-Skóli lífsins er að stærstum hluta netnámskeið og er sérstaklega ætlaður 16 – 24 ára ungmennum, óháð stéttarfélagsaðild. VR-Skóli lífsins fjallar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði með nýrri og skemmtilegri nálgun.

Ráðstefnan „Why We Buy: The Science of Shopping“

Í september var haldin ofangreind ráðstefna með Paco Underhill og Martin tveimur helstu smásölu- og vörumerkjasérfræðingum heims um kauphegðun, vörumerkjavitund, veltuaukningu verslana og framtíð smásölu. Ráðstefnan var haldin í samvinnu Ysland, SVP, Kringlunnar, Ímarks og MBA námi Háskóla Íslands.

Kynningarfundur um breytingar varðandi raf- og rafeindatækjaúrgang

Í tilefni breytinga á fyrirkomulagi og framkvæmd varðandi söfnun á raf- og rafeindatækjaúrgangi héldu SVP, í samvinnu við Úrvinnslusjóð, Samtök iðnaðarins og Félag atvinnurekenda, opinn kynningarfund í Húsi atvinnulífsins hinn 12. janúar 2015 þar sem framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs hélt erindi ásamt því að svara spurningum fundarmanna um fundarefnið. Var fundurinn vel sóttur og er það von SVP að fundurinn sem og kynning framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs hafi verið til þess fallin að skýra nánar fyrir hagsmunaaðilum þær breytingar sem komu til framkvæmda á þessum málaflökki um síðustu áramót.

Málþing um rafræna vöktun á evrópska persónuverndardeginum

Í tilefni af evrópska persónuverndardeginum hélt Persónuvernd, í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, málþing um rafrænt eftirlit. SVP voru með erindi á málþinginu um rafræna vöktum frá sjónarhorni verslunarinnar. Málþingið var vel sótt og að mati SVP var mikilvægt að koma á framfæri sjónarmiðum verslunarinnar varðandi þennan málaflökk á þeim vettvangi.

Kynningarfundur SVP og Lyfjastofnunar um eftirlit með lyfjaauglýsingum

SVP hafa lengi barist fyrir breytingum varðandi bann við lyfjaauglýsingum og að sama skap haft ákveðnar skoðanir er varðar eftirlit Lyfjastofnunar með umræddu banni. Hafa SVP m.a. kvartað undan eftirliti Lyfjastofnunar til heilbrigðisráðherra sem og skorað á ráðherra að leggja til breytingar á umræddu banni. Í desember 2014 héldu SVP kynningarfund fyrir aðildarfélög samtakanna um umrætt auglýsingabann þar sem samtökin voru með kynningu ásamt Lyfjastofnun. Í kjölfar framsöguerinda SVP og Lyfjastofnunar svaraði stofnunin fyrirspurnum frá fundargestum og voru lífligar umræður um gagn og gildi auglýsingabannsins sem og eftirlit stofnunarinnar. Er það von SVP að fundur þessi sem og þær umræður sem þar áttu sér stað hafi verið upplýsandi og gagnlegar fyrir fundargesti.

Félagfundur um kjaramál

Í lok febrúar sl. var haldinn almennur félagfundur þar sem kynnt var staðan í yfirstandandi kjaraviðræðum á vinnumarkaði. Framkvæmdastjóri SA hafði framsögu og svaraði spurningum félagsmanna.

4 Sértek verkefni/áherslur

Könnun SVP á stærð verslunarhúsnæðis

Í því skyni að leggja sjálfstætt mat á stærð verslunarhúsnæðis á Íslandi, framkvæmdi Capacent í umboði SVP, könnun á stærð verslunarhúsnæðis fyrir matvöruverslun hér á landi. Könnunin var ekki hvað síst gerð í því skyni að leiða í ljós hvort niðurstöður McKinsey skýrslunnar frá 2010 um stærð verslunarhúsnæðis hér á landi stæðust nánari skoðun.

Í stuttu máli leiddi þessi könnun í ljós að fermetrar húsnæðis í matvöruverslun hér á landi eru tæplega 3,1 á hvern íbúa. Sambærileg tala fyrir Noreg var tæplega 4,9. Þessi könnun gefur því eindregið til kynna að niðurstöður McKinsey skýrslunnar, sem mikið hefur verið fjallað um í opinberri umræðu, séu ekki eins nákvæmar og talið var í fyrstu.

Rannsóknarsetur verslunarinnar

Starfsemi Rannsóknarseturs verslunarinnar gegnir veigamiklu hlutverki við söfnun og miðlun tölulegra upplýsinga um smásöluverslun á Íslandi, en setrið er rekið við Háskólann á Bifröst. Mánaðarlegar upplýsingar setursins um breytingar í sölu á einstökum mörkuðum verslunarinnar frá mánuði til mánaðar og í samanburði við sama mánuð árið áður, eru mikilvægar fyrir aðila á markaði og ekki síður mikilvægar fyrir hagsmunaaðila og greinendur í því skyni að fá reglulegar upplýsingar um þróunina innan greinarinnar. Starfsemi rannsóknarsetursins er hins vegar nær eingöngu fjármögnuð með beinum framlögum og með sértekjum, öfugt við rannsóknarstarfsemi ýmissa annarra atvinnugreina, sem er að verulegu leyti fjármögnuð með opinberu fé. Hafa SVP um langa hríð gagnrýnt það hversu lítið hið opinbera leggur til rannsóknarstarfsemi fyrir verslunina, ekki síst í ljósi þess hve mikilvæg atvinnugreinin er í öllu þjóðhagslegu samhengi.

„Ísland allt árið“

SVP hefur verið þátttakandi í verkefninu „Ísland allt árið“ frá upphafi, þó að fjárfrahlög til verkefnisins frá aðildar fyrirtækjum samtakanna hafi verið mun minni en fyrirtækja í ferðapjónustu. Verkefnið var sett á laggirnar árið 2010 í því skyni að efla ferðamennsku á Íslandi yfir s.k. lágannatíma, frá október og fram í mars og er samstarfsverkefni stjórnvalda og atvinnulífs. Ljóst er að stóruaukin koma ferðamanna til landsins á þessum tíma hefur komið almennri verslun í landinu mjög til góða, um það eru tölur frá Rannsóknarsetri verslunarinnar um aukningar í kortaveltu erlendra ferðamanna skýrt dæmi. Auk SVP standa að verkefninu iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Icelandair, Reykjavíkurborg, Iceland Express, Landsbankinn, Isavia og Samtök ferðapjónustunnar. Íslandsstofa annast framkvæmd verkefnisins. Ákveðið var á síðasta starfsári verkefnisins að framlengja það um 2 ár. SVP fór þá leið að kanna meðal sinna félagsmanna hvort áhugi og vilji væri til áframhaldandi þátttöku. Svo var ekki og var því ákveðið að taka ekki þátt að loknum þessum þremur árum.

Litla Ísland

Litla Ísland er vettvangur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi. Að baki standa SA og aðildarfélög en tilgangur Litla Íslands er að bæta rekstrarumhverfi lítilla fyrirtækja á Íslandi og að byggja upp kröftugra samfélag. Á árinu voru nokkrir fundir tileinkaðir þessum vettvangi, m.a. fundur um starfsmenntun í litlum fyrirtækjum og fundur um fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Seinni fundurinn er liður í fundaröð Litla Íslands og eru áherslur fundanna sóttar í niðurstöður stefnumótunarfundar sem haldin var í kjölfar þess að Litla Ísland var sett á laggirnar.

Njarðarskjöldurinn og Freyjusómi

Njarðarskjöldurinn og Freyjusómi 2014 voru afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu undir lok starfsársins. Njarðarskjöldurinn og Freyjusómi eru viðurkenningar og hvatningarverðlaun SVP, Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar, Félags atvinnurekenda, Kaupmannasamtaka Íslands, Global Blue á Íslandi og Tax Free Worldwide – Ísland. Í því felst að þessir aðilar mynda með sér verkefnastjórn sem skipuleggur viðburðinn og dómnefnd sem velur þá aðila sem hljóta viðurkenningarnar hverju sinni.

Njarðarskjöldurinn, sem verið var að veita í níttjándan sinn, hlaut að þessu sinni verslunin **66°Nordur** í Bankastræti og var mat dómnefndar að þjónustustigið í þeirri verslun væri með því besta sem gerist. Þá var Freyjusóminn veittur í fjórða sinn og varð blómabúðin **Upplifun, bækur og blóm** í Hörpu þess heiðurs aðnjótandi að hljóta þá viðurkenningu.

Umsagnir

Eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir bárust samtökunum til umsagnar á starfsárinu:

Frumvörp

Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis)
Frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum (EES reglur)
Frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl. (skattkerfisbreytingar)
Frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2015 (breyting ýmissa laga)
Frumvarp til laga um byggingavörur (heildarlög, EES-reglur)
Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála
Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög)
Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum (sýnishorn verslunarvara)
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt o.fl. lögum (samræming og einföldun)
Frumvarp til laga um yfirskattanefnd (verkefni ríkistollanefndar)
Frumvarp til laga um breytingu á siglingalögum
Frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (fánatími)
Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði o.fl.)
Frumvarp til laga um grunnskóla (kæruleiðir, einkareknir skólar o.fl.)
Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum (auglýsingar)
Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum
Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum
Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum
Frumvarp til breytingar á vegalögum
Frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur)
Frumvarp til til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013–2016.

Þingsályktunartillögur

Tillaga til þingsályktunar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við ESB
Tillaga til þingsályktunar um formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og ESB og þjóðaratkvæðagreiðslu um viðræðurnar
Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að ESB og um eflingu samstarfs við ESB og Evrópuríki
Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013–2016
Tillaga til þingsályktunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu
Tillaga til þingsályktunar um hagnýtingu Internetsins og réttarvernd netnotenda
Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands
Tillaga til þingsályktunar um fjármögnun byggingar nýs Landspítala
Tillaga til þingsályktunar um umferðaljósamerkingar á matvæli
Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 32/2010, um breytingu á XIII viðauka (flutningastarfsemi) við EES-samninginn
Tillaga til þingsályktunar um fríverslunarsamning við Japan

Reglugerðir og fleira

Drög að handbók um öryggi og velferð barna í grunnskólum
Drög að handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum
Drög að frumvarpi til laga um þjóðskrá
Drög að breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja
Drög að reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda
Drög að reglugerð um reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farni á landi
Drög að breytingu á reglugerð nr. 572/1995 um prófun á ökuritum

SVÞ - Samtök verzlunar og þjónustu

Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit

	bls.
Áritun stjórnar	1
Áritun endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4 - 5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7 - 9

SVP - Samtök verslunar og þjónustu
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Kt. 570599-2249

Áritun stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) eru samtök félaga, sjálfseignarstofnana og einstaklinga sem starfa við atvinnurekstur á sviði verslunar, smásölu, heildsölu, umboðssölu, innflutnings, útflutnings, vörudreifingar, flutninga, og annarrar þjónustu. Samtökin eru málsvari atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum og vinna að almennum, sameiginlegum hagsmunamálum aðildarfyrirtækja.

Starfsemin á árinu

Rekstur samtakanna á árinu var með svipuðu móti og áður. Nánar er vísað er til rekstrarreiknings varðandi rekstur félagsins á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra SVÞ að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri SVÞ staðfesta ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með áritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Margrét Sanddal

Hafsteinn Þrándsson

Eysteinn Heiðsson

Árníel Steinn

Árni Þórðarson

Guðrún

Margrét G. Flórens

Louisa Louisa

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SVP - Samtak verslunar og þjónustu yfir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu SVP - Samtaka verslunar og þjónustu á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga.

Önnur atriði

Ársreikningur SVP - Samtaka verslunar og þjónustu fyrir árið 2013 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Álit hans á ársreikningnum, dags. 6. febrúar 2014, var án fyrirvara.

Reykjavík, 26. febrúar 2015

PricewaterhouseCoopers ehf



Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýringar	2014	2013
Rekstrartekjur			
Tekjur af aðalstarfsemi		<u>87.835.314</u>	<u>86.588.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	50.306.472	49.386.414
Annar rekstrarkostnaður		30.365.855	30.213.896
Afskriftir	4	<u>2.142.431</u>	<u>2.073.764</u>
		<u>82.814.758</u>	<u>81.674.074</u>
Rekstrarhagnaður		5.020.556	4.913.926
Fjármunatekjur og (-gjöld)			
Fjármunatekjur	3,6	2.929.825	4.573.094
Fjármagnsgjöld		<u>(45.625)</u>	<u>(47.909)</u>
		<u>2.884.200</u>	<u>4.525.185</u>
Hagnaður ársins		<u>7.904.756</u>	<u>9.439.111</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýringar	2014	2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	30.800.716	32.943.147
Fastafjármunir samtals		<u>30.800.716</u>	<u>32.943.147</u>
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda	5	2.685.204	1.761.264
Aðrar skammtímakröfur	5	11.442.490	431.689
Markaðsverðbréf	6	70.276.277	77.224.556
Handbært fé		<u>61.785.758</u>	<u>62.555.282</u>
		<u>146.189.729</u>	<u>141.972.791</u>
Eignir samtals		<u>176.990.445</u>	<u>174.915.938</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2014	2013
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	<u>150.186.781</u>	<u>142.282.025</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddar innheimtur		14.688.892	22.857.860
Aðrar skammtímaskuldir	8	<u>12.114.772</u>	<u>9.776.053</u>
		<u>26.803.664</u>	<u>32.633.913</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>176.990.445</u>	<u>174.915.938</u>

Sjóðstreymi ársins 2014

	Skýringar	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		7.904.756	9.439.111
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:			
Afskriftir		2.142.431	2.073.764
Gangvirðisbreyting verðbréfa		(1.592.960)	(3.028.613)
		<u>8.454.227</u>	<u>8.484.262</u>
 (Hækkun) / lækkun rekstartengdra eigna:			
Kröfur vegna félagsgjalda og aðrar skammtímakröfur		(11.934.741)	1.670.836
(Lækkun) / hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(5.830.249)	22.330.174
		<u>(17.764.990)</u>	<u>24.001.010</u>
 Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri		<u>(9.310.763)</u>	<u>32.485.272</u>
 Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar í verðbréfum (nettó)		<u>8.541.239</u>	<u>(25.566.616)</u>
 Breyting á handbæru fé		(769.524)	6.918.656
Handbært fé í ársbyrjun		<u>62.555.282</u>	<u>55.636.626</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>61.785.758</u></u>	<u><u>62.555.282</u></u>
 Innborgaðir vextir		1.336.865	1.544.481
Greiddir vextir		(45.625)	(47.909)

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlausn tekna

Árgjöld aðildarféлага eru færð til tekna í rekstrarreikningi samkvæmt félagaskrá eftir að tillit hefur verið tekið til úrsagna og leiðréttinga.

1.3 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteign	33 ár
Húsbúnaður	10 ár
Bifreið	5 ár

1.4 Leigusamningar

Leigusamningar sem samtökin hafa gert eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

1.5 Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

1.6 Kröfur vegna félagsgjalda

Kröfur vegna félagsgjalda eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.7 Ógreiddar innheimtur og aðrar skammtímaskuldir

Ógreiddar innheimtur og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

1.8 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

1.9 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2014	2013
2. Laun og annar starfsmannakostnaður		
Laun	40.455.070	39.155.680
Lífeyrissjóður	3.894.583	3.770.761
Önnur launatengd gjöld	3.974.665	4.638.419
Annar starfsmannakostnaður	1.982.154	1.821.554
	<u>50.306.472</u>	<u>49.386.414</u>

Hjá samtökunum störfuðu 4 starfsmenn á árinu.

3. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankainnistæðum	1.432.660	1.175.384
Fjármunatekjur af markaðsverðbréfum (sjá nánar skýringu 6)	1.592.960	3.028.613
Aðrar vaxtatekjur	238.241	677.174
Fjármagnstekjuskattur	(334.036)	(308.077)
	<u>2.929.825</u>	<u>4.573.094</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Húsbúnaður	Bifreiðar	Samtals
Árslok 2013:				
Bókfært verð í ársbyrjun	31.988.798	281.446	2.746.667	35.016.911
Afskrifað á árinu	(1.222.632)	(27.132)	(824.000)	(2.073.764)
Bókfært verð í árslok	<u>30.766.166</u>	<u>254.314</u>	<u>1.922.667</u>	<u>32.943.147</u>

Bókfært verð í árslok 2013 greinist þannig:

Kostnaðarverð	45.282.662	1.596.226	5.150.000	52.028.888
Afskrifað samtals	(14.516.496)	(1.341.912)	(3.227.333)	(19.085.741)
Bókfært verð í árslok	<u>30.766.166</u>	<u>254.314</u>	<u>1.922.667</u>	<u>32.943.147</u>

Árslok 2014:

	Fasteign	Húsbúnaður	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	30.766.166	254.314	1.922.667	32.943.147
Afskrifað á árinu	(1.222.632)	(27.132)	(892.667)	(2.142.431)
Bókfært verð í árslok	<u>29.543.534</u>	<u>227.182</u>	<u>1.030.000</u>	<u>30.800.716</u>

Bókfært verð í árslok 2014 greinist þannig:

Kostnaðarverð	45.282.662	1.596.226	5.150.000	52.028.888
Afskrifað samtals	(15.739.128)	(1.369.044)	(4.120.000)	(21.228.172)
Bókfært verð í árslok	<u>29.543.534</u>	<u>227.182</u>	<u>1.030.000</u>	<u>30.800.716</u>

Upplýsingar um bókfært verð og matsverð fasteignar í árslok 2014:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Borgartún 35	<u>27.030.000</u>	<u>4.320.000</u>	<u>51.600.000</u>	<u>29.543.534</u>

Lausafé samtakanna er váttryggt fyrir um 5,3 milljónir króna.

Skýringar

5. Kröfur vegna félagsgjalda og aðrar skammtímakröfur

Kröfur vegna félagsgjalda greinast þannig:	31.12.2014	31.12.2013
Óinnheimt félagsgjöld	4.092.006	3.116.867
Varúðarniðurfærsla	(1.406.802)	(1.355.603)
	<u>2.685.204</u>	<u>1.761.264</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Kröfur vegna RFHA	9.987.891	0
Aðrar skammtímakröfur	1.454.599	431.689
	<u>11.442.490</u>	<u>431.689</u>

6. Markaðsverðbréf

Verðbréfaeign samtakanna skiptist niður á vörsluaðila á eftirfarandi hátt:	31.12.2014	31.12.2013
Virðing	10.870.587	10.746.093
Íslandsbanki VÍB	76.965.305	74.694.316
Bankareikningar í eignastýringu endurflokkaðir á handbært fé	(16.757.092)	(8.215.853)
Áætlaður áfallinn fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(802.523)	0
	<u>70.276.277</u>	<u>77.224.556</u>
Verðhækkun verðbréfa greinist þannig:	2014	2013
Söluhagnaður, sölutap og gengisbreyting verðbréfa	1.286.166	1.592.834
Vaxtatekjur	1.109.317	1.435.779
Áætlaður áfallinn fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(802.523)	0
	<u>1.592.960</u>	<u>3.028.613</u>

7. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á óráðstöfuðu eigin fé:

Hreyfingar 2013:

Staða í ársbyrjun	132.842.914
Hagnaður ársins	9.439.111
Staða í árslok	<u>142.282.025</u>

Hreyfingar 2014:

Staða í ársbyrjun	142.282.025
Hagnaður ársins	7.904.756
Staða í árslok	<u>150.186.781</u>

8. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Launatengdar kuldir	6.130.105	6.138.059
Aðrar kuldir	5.984.667	3.637.994
	<u>12.114.772</u>	<u>9.776.053</u>

Fyrirtæki

Námskeiðsstyrkir

Fyrirtæki með starfsmenn innan VR og LÍV geta sótt um styrki vegna fræðslu og námskeiða starfsmanna

www.starfsmennt.is





Samtök
verslunar og
þjónustu

SVP • Borgartúni 35 • 105 Reykjavík
Sími 511 3000 • svth@svth.is • www.svth.is